



## ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Sýslumaðurinn á Ísafirði  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 1. nóvember 2017  
2017020017

### Efni: Umsögn um rekstrarleyfi - Kirkjuból Bjarnadal

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Ísafirði fyrst þann 21.07.2017 og með ítrekun 18.10.2017. Óskað er umsagnar Ísafjarðarbæjar, á umsókn Friðbjargar Matthíasdóttur f.h. Kirkjubóls í Bjarnadal ehf. um rekstrarleyfi fyrir gistiheimili í flokki III í Kirkjubóli í Bjarnadal, Ísafjarðarbæ. Fjöldi gesta 15

Flokkur III: Gististaður með veitingum þó ekki áfengisveitingum.

Tegund gististaðar C; minna gistiheimili.

Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni aðstöðu.

Gert er ráð fyrir veitingum en þó ekki áfengisveitingum sbr. umsókn.

Kirkjuból í Bjarnadal, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ er skráð sem lögbýli í lögbýlaskrá og er á svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Í stefnu Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er eitt af markmiðum skipulagsins m.a. að efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu.

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði gefið út með vísan í umsögn Heilbrigðiseftirlits dags. 18.10.2017

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd með vísan í umsögn dags. 24.07.2017

Að teknu tilliti til umsagna Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar geri embætti skipulags- og byggingarfulltrúa ekki athugasemd.

ÍSAFJARÐARBÆR  
Ángel Rodríguez Överby  
- skipulags- og byggingarfulltrúi -